

Aðalfundur

Sameykis stéttarfélags í almannapjónustu

25.03.2021

Dagskrá fundarstjóra:

Fundarstjórar: Ari Björn Thorarensen og Kristjana Eyjólfsdóttir. Fjarfundarstjóri: Jóhanna Þórdórsdóttir

Ritarar: Ingibjörg Sif Fjeldsted og Rut Ragnarsdóttir

Árni setti fundinn og kynnti tillögu um fundarstjóra og ritara. Engar mótbárur bárust.

Ari Björn fundarstjóri tók við stjórn fundarins og fór yfir að á dagskrá fundarins eru verkefni aðalfundar skv. lögum. Fundarstjóri kynnti Þórð Höskuldsson, umsjónarmann rafrænnar atkvæðagreiðslu sem fór yfir tæknimál og bauð Ari því næst Árna Stefán velkominn í pontu til að kynna skýrslu stjórnar.

Dagskrá:

1. Stjórn félagsins gefur skýrslu um starfsemi félagsins á síðastliðnu ári.

Árni Stefán Jónsson formaður Sameykis

Árni Stefán bauð fundarmenn velkomna á aðalfundinn í breyttum aðstæðum. Halda átti fundinn á Hilton Nordica með 80 viðstöddum fundarmönnum en hertar samkomureglur sem tóku gildi í gærkvöldi komu í veg fyrir það. Nú eru aðeins um 10 manns í salnum og aðrir fundarmenn sækja fundinn á Zoom. Mættir á aðalfundinn voru 111 þátttakendur. Ársskýrsla stjórnar liggur fyrir á fundinum og var send fundarmönnum fyrir fundinn.

Ávarp formanns:

Kæru félagar. Ég vil byrja á að þakka ykkur fyrir að mæta á fundinn í gegnum fjarfundarbúnað í annað sinn á jafnmörgum aðalfundum félagsins. Skjótt skipast veður í lofti segir orðatiltækið. Halda átti þennan aðalfund með 80 fundargestum í dag með kaffi og veitingum í þeim fjöldatakmörkunum sem þá voru í gildi fyrir tæpum sólarhring. Stjórnvöld gripu í taumana og settu á samkomubann sem miðast við 10 manns og þannig er það í dag, héðan sem við sendum út aðalfundinn frá Hilton hótelinu. Þrátt fyrir þetta er mjög ánægjulegt að sjá fjölda félagsmanna á skjánum og vona ég að við gerum þetta að góðum og ganglegum fundi. Að því sögðu ætla ég að fjalla í stórum dráttum um starfsárið hjá félaginu, en segja má að hæst hafi borið stytting vinnuvikunnar.

Nýtt skipulag

Eins og venja er miðast tölulegar upplýsingar við almanaksárið, en efnislegir þættir eru oftast miðaðir við starfsár stjórnar. Það er óhætt að segja að þetta ár hafi sannarlega einkennst af nægum verkefnum. Nú eru liðin tvö ár frá því að Sameyki var formlega stofnað og eins og fyrsta árið í sameinuðu stéttarfélagi höfum við tekist á við fjölmörg krefjandi verkefni sem sneru að sameiningunni. Á þessu ári hefur Sameyki farið í ítarlega greiningu og endurskipulagning hófst svo í kjölfar hennar. Við fengum til vinnunnar ráðgjafafyrirtækið Expectus sem hefur sérþekkingu og hæfni á sviði ráðgjafar og upplýsingatækni. Sú greining

hefur skilað Sameyki verðmætum upplýsingum um hvernig koma á sem bestri þjónustu við félagsfólk okkar og bæta innra skipulag Sameykis. Gögnin eða greiningin mun nýtast stéttarfélaginu inn í framtíðina þar sem okkur skorti helst lausnir þ.e.a.s. það sem lítur að innra starfi, upplýsingaþekkingu og tækni þar að lútandi, og stuðla að því sem við nefnum Snjallara Sameyki. Snjallara Sameyki vísar til þess að leysa verkefni skrifstofunnar með tæknilegum lausnum. Eins og sést á þessari glæru, þá eru gerðar nokkuð róttækar breytingar á skipulagi skrifstofunnar og henni er skipt upp í þrjár mismunandi deildir; Rekstrardeild, Kjaradeild og Félagsdeild. Starfsfólkið á skrifstofunni er tilbúið að takast á við nýtt skipulag og er sú vinna þegar hafin.

Aðsókn og nýting sjóða

Það hefur verið mikil aðsókn í sjóði félagsins, bæði starfsmenntunarsjóðina og styrktar sjóðina. Við erum enn með tvo styrktar sjóði, fyrrverandi félagar St.Rv. greiða í BSRB sjúkrasjóðinn en hinir í Styrktar- og sjúkrasjóði Sameykis. Það verður verkefni fram að næsta aðalfundi að sameina félagsmenn í öðrum hvorum sjóðnum. Verkefni tveggja sjóða sem sneru að félagsmönnum okkar hjá Reykjavíkurborg o.fl. voru sameinaðir í einum sjóði, Fræðslusjóð Sameykis. Sjóðirnir eru nú fjórir talsins og hefur þeim fækkað um einn.

Skrifstofa og starfsfólk

Hjá Sameyki starfa nú 15 starfsmenn á Grettisgötunni auk okkar formannanna, og einn starfsmaður í 20% stöðugildi sem er staðsettur á Akranesi. Verkefni skrifstofunnar eru fjölbreytt. Þjónusta við félagsmenn, hvort sem um er að ræða aðstoð við kjara- og réttindamál, umsóknir í sjóði félagsins eða umsóknir í orlofshús, þurftu vegna aðstæðna að fara fram í gegnum síma, tölvupóst eða með öðrum rafrænum hætti. Þar að auki, vegna fjöldatakmarkana, hefur hluti starfsmanna þurft að vinna heiman frá vegna sóttvarnalaga. Starfsfólk hefur staðið sig vel að aðlagast þessum breyttu aðstæðum og allir tekið þátt í því að tæknivæðast og auka hæfni sína. Starfsmenn tóku einnig þátt í greiningu Expectus með því að fara í viðtöl hjá sérfræðingum þess, sem skilaði sér í breyttu skipuriti og skipulagi starfanna innan skrifstofunnar. Starfsfólk Sameykis mun því takast á við og aðlagast nýju skipulagi í störfum sínum á árinu 2021.

Kjaramál og stytting vinnuvikunnar

Stytting vinnuvikunnar hjá dagvinnufólki hefur tekið mestan tíma allra sem starfa hjá Sameyki og við höfum beitt okkur að leiðrétta þann ásetning hjá stjórnendum á vinnustöðunum að taka út neysluhlé starfsmanna sinna og gera þau að skiptimynt fyrir styttingu vinnuvikunnar. Það stóð aldrei til, og stendur ekki í kjarasamningum að neysluhléin – kaffitímar og matartímar – væru teknir af félögum okkar. Við höfum lagt á það ríka áherslu í viðtölum, skrifuðum fréttum og tilkynningum að neysluhléin standa eftir sem áður þó hádegishléið sé ekki á forræði starfsmannsins. Starfsfólk getur eftir sem áður yfirgefið vinnustaðinn í hádegishléinu með heimild síns yfirmanns.

Sameyki lagði upp í herferð í fjölmiðlum, með greinaskrifum, viðtölum og auglýsingum til að vekja athygli á Styttingu vinnuvikunnar og þýðingu hennar fyrir félagi Sameykis og samfélagið allt. Alls birtust greinar og umfjallanir í fjölmiðlum um málið 62 sinnum frá byrjun nóvember þangað til samningurinn tók gildi 1. janúar.

Hjá vaktavinnufólki þarf ekki að ná sérstöku samkomulagi á hverjum vinnustað fyrir sig heldur taka gildi heildarbreytingar þar sem það er tryggt að vinnuvikan fer í 36 klst. og allt niður í 32 klst. hjá þeim sem eru með þyngstu vaktabyrðina. Launamyndun mun á sama tíma breytast og taka meira mið af vaktabyrði en áður, og þetta er mikilvægt, þar sem vaktaálagflokki fylgjar og greiddur er sérstakur vaktahvati sem tekur mið af fjölda og fjölbreytileika vakta. Stór hluti vaktavinnufólks hefur unnið hlutastörf og eru breytingarnar til þess fallnar að auka möguleika þeirra til að vinna hærra starfshlutfall.

Markmið kerfisbreytinganna sem taka gildi 1. maí er að stuðla að betri heilsu og öryggi starfsfólks og auka möguleika þess til að njóta meiri tíma í einkalífi. Störf í vaktavinnu verði þannig eftirsóknarverðari, og um leið byggt þannig undir aukinn stöðugleika í starfsmannahaldi á vaktavinnustöðum.

Eftir því sem árangurinn með dagvinnustyttinguna hefur orðið betri hefur meiri áhersla verið lögð á innleiðingarferli vaktavinnuhópsins en sú vinna markar að mörgu leyti starfsemina hjá Sameyki í dag.

Orlofsmál

Orlofshús Sameykis hafa ætíð verið mikið sótt hjá félaginu og er rekstur orlofssjóðs og útleiga orlofshúsa einn af mikilvægustu þáttum í þjónustu þess, ásamt því að bjóða upp á aðra orlofskosti s.s. ferðaávisanir, gjafabréf í flug innanlands og erlendis, Veiði- og útilegukort og orlofsávisanir.

Þá á og rekur félagið alls 68 orlofshús og íbúðir víðsvegar um landið og erlendis. Nú nýverið eignaðist Sameyki orlofshús í Munaðarnesi sem við tókum við hjá Félagi flugumferðarstjóra og eru þá hús í eigu okkar 21 á orlofssvæðinu.

Meðalnýting allra húsa félagsins er um 96%. Nýting orlofshúsa félagsins í helgarleigu hefur verið u.þ.b. það sama eða 96% og þá hefur einnig verið góð nýting á húsunum virka daga að vetri.

Á hverju ári tökum við orlofshús á leigu sem við leigjum áfram til félagsmanna okkar.

Sumarið 2020 tókum við á leigu fjórtán orlofseignir víðsvegar um landið, flestar á Akureyri og á Vestfjörðum, þ.e. fimm eignir á hvorum stað. Þá skipti félagið á eign að Úlfljótuvatni fyrir hús að Illugastöðum.

Í ágúst 2020 lukum við endurbyggingu þriggja eldri húsa í Munaðarnesi við Stekkjarhól.

Fjögur eldri hús félagsins í Eyrarhlíð í Munaðarnesi voru auglýst til sölu og byrjað var á framkvæmdum á sex nýjum húsum í september 2020. Þrjú af þessum húsum verða á nýjum stað en hin þrjú verða þar sem hin húsin voru áður. Áætlanir gera ráð fyrir að þessi hús verði komin í notkun um mánaðarmótin júní/júlí í sumar.

Þá gefur Sameyki út Orlofsblað á hverju ári með upplýsingum um valkosti og framboð bæði orlofseigna til leigu og fleira. Blaðið er gefið út í byrjun mars og sent út til allra félagsmanna okkar og má fletta því líka á vefnum okkar sameyki.is.

Stofnun ársins

Valið á stofnun ársins var með öðru sniði en verið hefur vegna COVID-19 faraldursins og var tilkynnt í gegnum streymi 14. október 2020 frá Hilton Nordica, en titlana Stofnun ársins og Fyrirmyndarstofnun, hljóta þær stofnanir sem þykja skara fram úr að mati starfsmanna í könnun Sameykis. Í tengslum við Stofnun ársins stóð Sameyki fyrir málþingi um framtíðarvinnu markaðinn. Málþingið var að sjálfsögðu einungis rafrænt vegna faraldursins.

Þar sem við fáum nú orðið mun betri launaupplýsingar en áður, teljum við ekki þörf á því lengur að gera launakönnun á hverju ári. Með því móti styttnum við könnunina og gerum hana aðgengilegri fyrir félagsmenn. Vegna þessa hefur verið ákveðið að færa könnunina, í stað þess að framkvæma hana meðal félagsmanna í febrúar til mars, þá ætlum að gera könnunina frá október fram í nóvember árið 2021. Áfram verða svo veitt verðlaun við hátíðlega athöfn. Sem sagt, þá verða veitt verðlaun fyrir Fyrirmyndarstofnun og Stofnun ársins næst í upphafi árs 2022.

Upplýsingamál

Aðeins að upplýsingamálum félagsins. Í ársskýrslunni kemur fram að 343.753 heimsóknir voru á vefinn af 115.635 notendum yfir 12 mánaða tímabil. Tæp 70 prósent þeirra notenda eru nýir notendur á vefnum en rúmlega 30 prósent eru reglulegir notendur. Þann 9. mars 2020

Þegar Sameyki stefndi í verkfall náði heimsóknir á vefinn toppi eða 10.959 stakar heimsóknir voru þann daginn. 8.570 nota vefinn á mánuði yfir tímabilið og hefur þeim fjölgað frá síðasta ári. Á degi hverjum heimsækja 229 notendur vefinn. Á Mínum síðum Sameykis geta félagsmenn sótt um styrki í þeim sjóðum sem heyra undir þeirra kjarasamninga. Á árinu var bætt inn félagsskirteini sem félagsmenn geta nálgast undir Mínar upplýsingar á Mínum síðum. Alls eru innskráningar á Mínar síður Sameykis 58.364, eða að meðaltali 4.864 á mánuði. Notendur voru rúmlega 26 þúsund, 68 prósent nýir notendur. Í skýrslunni sem liggur fyrir er betur farið yfir upplýsingamálin en ég ætla að gera hér.

Félags- og fræðslustarf

Mikið af félagsstarfi Sameykis fer fram í gegnum Trúnaðarmannaráð, Fulltrúaráð og svo ýmsar aðrar fastanefndir. Á árinu var einnig starfandi Framtíðarnefnd og megin verkefni hennar var að kynna sér breytingarnar samfara fjórðu iðnbyltingunni. Þá voru starfandi líka Umhverfis- og loftslagsnefnd, Jafnréttisnefnd og nefnd um félagsleg málefni. Fundir Fulltrúaráðs voru tveir á tímabilinu. Þremur fyrirhuguðum fundum í ráðinu var breytt í Trúnaðarmannaráðsfundi vegna kjarasamninganna. Á fulltrúaráðsfundinum 24. Nóvember 2020 var kosin uppstillingarnefnd sem hefur það hlutverk að stilla upp í stjórn félagsins og sjóði þess. 8 febrúar síðastliðinn, lagði uppstillingarnefnd fram tillögur sínar fyrir fulltrúaráðsfund og verður niðurstaðan kynnt hér á fundinum. Helstu fræðslutengdu verkefni á árinu 2020 voru samkvæmt venju skipulagning trúnaðarmannafræðslu, Gott að vita námskeiðin, samstarf við fræðslumiðstöðvar, þátttaka í Starfsgreinaráði heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina, starf með Menntanefnd BSRB og skipulagning málþingsins Framtíðin er núna í tengslum við könnunina um stofnun ársins. Vinna var lögð í að finna lausnir til að bjóða félagsmönnum upp á vefnám og vefyfyrirlestra. Fræðslan fór meira og minna fram í gegnum fjarfundarbúnað vegna COVID-19 og má með sanni segja að þarna hafi félagsmönnum og þeim sem koma að fræðslumálum verið hent út í djúpu laugina. Meðal ánægjulegra áfanga sem náðust á árinu var að 23 starfsmenn ríkisins útskrifuðust úr diplómanámi í opinberri stjórnarsýslu frá Háskólanum á Bifröst. Þetta var í fyrsta sinn sem boðið var upp á nám í opinberri stjórnarsýslu á fagháskólastigi og var það þróað af Fræðslusetrinu Starfsmennt og Háskólanum á Bifröst í samvinnu við Sameyki og fjármála- og efnahagsráðuneytið. Námið er fullgilt 60 ECTS eininga diplómanám á háskólastigi og nýttast námsþættirnir opinberum starfsmönnum til að dýpka skilning á samhengi opinbers rekstrar og öðlast aukna innsýn í stjórnarsýslu ríkis og sveitarfélaga.

Og þá fer þessari yfirferð minni að ljúka.

Kæru félagar.

Ársskýrsla stjórnar liggur fyrir hér á fundinum og ég hvet ykkur til þess að kynna ykkur efni hennar vel. Ég vil þakka starfsfólki Sameykis kærlega fyrir þeirra vinnu. Góður starfsandi og samvinna er mikilvæg á svona breytingartímum. Verkefni hafa mörg hver verið snúin og álagið mikið við fordæmalausar aðstæður en starfsmannahópurinn okkar hefur sýnt það að hann þolir flest.

Ég vil nota tækifærið og þakka ykkur öllum fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum. Sá tími sem ég hef starfað í kjarabaráttu fyrir launafólk hefur verið gefandi og einnig oft á tíðum krefjandi. Ég hef helgað meginhluta míns starfsferils, störfum fyrir SFR og nú fyrir Sameyki eða í 30 ár. Með þakklæti stíg ég úr brúnni og óska félögum mínum í Sameyki og samstarfsmönnum gæfu og gengis í baráttunni.

Takk fyrir.

Umræður um skýrslu stjórnar verða í boði eftir að reikningar félagsins hafa verið kynntir.

Fundargerð síðasta aðalfundar hefur legið frammi á netinu og skoðast samþykkt.

2. Lagðir fram til samþykktar endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið almanaksár.

Þórarinn Eyfjörð framkvæmdastjóri

Þórarinn fór yfir helstu kennitölur félagsins. Ársreikningurinn er nærri 100 blaðsíður að lengd og því verður stiklað á stóru.

Félagssjóður – sjóðurinn sem rekur skrifstofu félagsins, hann er í daglegum ákvarðanarekstri. Afkoma ársins var 97,5 milljónir. Breyting á lífeyrisskuldbindingum er rúmlega 13 milljónir. Starfsmenn hafa starfað lengi hjá félaginu (2 félögum áður) og félagið er ábyrgt fyrir lífeyri þeirra. Félagið hefur safnað í sjóð til að eiga fyrir þessum skuldbindingum og félagið finnur ekki fyrir því í sínum rekstri.

Eignir Félagssjóðs eru alls 714 milljónir. Langtímaskuldir eru 360 milljónir (reiknaðar lífeyrisskuldbindingar) og skammtímaskuldir 38,7 milljónir, í reglum um bókhald er ákvæði um að hér skal telja ótekið og áunnið orlof starfsmanna (orlofsdagar sem starfsmenn eiga inni). Hrein eign er því 315 milljónir, langtímaskuldir (reiknaðar lífeyrisskuldbindingar) 360 milljónir, skammtímaskuldir 38,7 milljónir.

Orlofssjóður – okkar helstu eignaumsvif eru þar, einnig er hann í daglegum ákvarðanarekstri Tekjur samtals 383,6 milljónir, rekstrargjöld 208 milljónir, afkoma ársins 176,1 milljón. Fastafjármunir eru rúmur milljarður. Eignir samtals 1.390,3 milljónir. Hrein eign 1.307 milljónir, langtímaskuldir 35 milljónir og skammtímaskuldir 47 milljónir

Aðrir sjóðir eru réttindasjóðir og úthlutað úr þeim eftir ákveðnum reglum.

Styrktar- og sjúkrasjóður – Afkoma ársins var 23,8 milljónir. Eignir eru 310,8 milljónir

Vinnudeilusjóður – Afkoma ársins 119,3 milljónir. Eignir 1.950 milljónir

Starfsmenntunarsjóður – Afkoma ársins kr. 901 þúsund. Jákvætt að rekstur hvers árs sé nokkurn vegi á pari en stefnt er að því að eiga í sjóð það sem nemur ársútgjöldum.

Fræðslusjóður – Afkoma ársins 77,7 milljónir, eignir 311,2 milljónir

Vísindasjóður – Afkoma ársins 5,6 milljónir, eignir 135,6 milljónir

Starfsmennta- og starfsþróunarsjóður - Afkoma ársins 20,9 milljónir. Eignir 108 milljónir.

Skuldir 22,6 milljónir

Mannauðssjóður – Afkoma ársins 6,6 milljónir. Umbun til trúnaðarmanna 38,6 milljónir komu úr þessum sjóð, þessi sjóður rammur inn trúnaðarmannakerfið okkar. Eignir 108,1 milljónir.

Sérstakur styrktarsjóður – Afkoma ársins kr. 5.805,- sem eru vaxtatekjur. Eignir 4,2 milljónir en þetta er sjóður frá gamalli tíð og það bíður nýrrar stjórnar að ákveða hvað skuli gera við hann.

Ari Björn bauð fundarmönnum að koma með spurningar um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins.

Hörður J. Oddfríðarson þakkaði Árna Stefáni fyrir langa og góða þjónustu í þágu félagsmanna. Einnig þakkaði hann stjórn og starfsmönnum gott starf.

Ekki tóku fleiri til máls og teljast skýrsla stjórnar og reikningar félagsins samþykktir.

3. Tekin ákvörðun um tillögur til lagabreytinga og breytinga á reglum sjóða. (sjá fylgiskjal)

Árni Stefán Jónsson sagði að engar lagabreytingar bárust fyrir aðalfundinn. En það liggja fyrir fundinum reglur fyrir Orlofssjóð og Vinnudeilusjóð. Sjóðirnir hafa starfað eftir reglunum en það vantar staðfestingu aðalfundar á þeim.

a) Reglur Orlofssjóðs Sameykis

Árni las upp 4. grein um greiðslur úr sjóðnum og fór yfir að stjórn orlofssjóð tekur ákvarðanir um hefðbundin útgjöld sjóðsins en ef það kemur til stærri ákvarðanir um fjárfestingar og skuldbindingar þá þarf að sækja samþykki stjórnar Sameykis. Hann fór einnig yfir 5. grein um stjórn sjóðsins. Það kemur einn úr stjórn Sameykis í stjórn Orlofssjóðs. Í 8. grein kemur fram að reglum þessum má aðeins breyta á aðalfundi með stuðningi 2/3 fundarmanna eins og á við um lagabreytingar.

b) Reglur Vinnudeilusjóðs Sameykis

Árni fór yfir reglur Vinnudeilusjóðs.

Árni Stefán tók fram að ekki voru efnislegar breytingar á reglunum, heldur þurfti bara að uppfæra þær og kenna þær við Sameyki. Hann bar reglur Orlofssjóðs og Vinnudeilusjóðs undir samþykki aðalfundar. Hann sagði að ef enginn fer fram á atkvæðagreiðslu þá þurfi ekki að kjósa.

Hörður fékk orðið og spurði hvort ekki hefði mátt greiða atkvæði um það í byrjun fundar hvort við vildum hafa þann hátt á að sleppa atkvæðagreiðslum ef enginn óskaði eftir þeim. Gunnar Rúnar fékk orðið og benti á að um þetta eigi að fara með eins og lagabreytingar og því þurfi að fá samþykki 2/3 hluta fundarmanna, hann spyr hvort heimilt sé að sleppa atkvæðagreiðslu. Það var ákveðið að fylgja aðalfundarreglum og ganga til kosninga um reglurnar. Ari Björn kynnti Þórð Höskuldsson sem fór yfir fyrirkomulag kosninganna. Þórður opnaði fyrir kosningu um reglur sjóðanna, kosið var í tvennu lagi um hvorn sjóð fyrir sig.

Reglur um Orlofssjóð voru samþykktar með 95,18% atkvæða, 4,82% tóku ekki afstöðu, enginn var á móti.

Reglur um Vinnudeilusjóð voru samþykktar með 96,34 % atkvæða, 3,66% tóku ekki afstöðu, enginn var á móti.

4. **Úrslit allsherjaratkvæðagreiðslu í stjórnarkjöri kynnt.**

Ari Björn fór yfir að tillaga uppstillingarnefndar um stjórn Sameykis var samþykkt á fulltrúaráðsfundi 8. febrúar sl. Á fundinum komu fram 2 framboð gegn uppstillingu nefndarinnar um formann. Kosið var á milli 3 frambjóðanda, þar var Þórarinn Eyfjörð hlutskarpastur. Engin framboð bárust fyrir aðalfund og telst því formaður og stjórn rétt kjörin.

Stjórn Sameykis er nú svona skipuð:

Formaður

Þórarinn Eyfjörð - Sameyki

Stjórnarmenn

Berglind Margrét Njálisdóttir - Skattur-Tollstjóraembættið

Bryngeir A. Bryngeirsson - Skóla og frístundasvið Rvk, Frístundaheimili Simbað

Egill Kristján Björnsson - Fangelsið Hólmsheiði

Elín Helga Jóhannesdóttir Sanko - Landspítali háskólasjúkrahús

Gunnar Rúnar Matthíasson - Landspítali háskólasjúkrahús

Herdís Jóhannesdóttir - Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar

Hörður J. Oddfríðarson - SÁÁ

Ingibjörg Sif Fjeldsted - Orkuveita Reykjavíkur

Ingunn Hafdís Þorlákisdóttir - Grunnskóli Seltjarnarnesbæjar

Jóhanna Lára Óttarsdóttir - Sýslumaður höfuðborgarsvæðis

Kári Sigurðsson - Skóla og frístundasvið Rvk. Frístundamiðstöðin Miðberg
Ólafía L. Sævarsdóttir - Tryggingastofnun ríkisins
Rut Ragnarsdóttir - Borgarbókasafn
Svanhildur Steinarsdóttir - Menntamálastofnun

5. Kosinn löggiltur endurskoðandi félagsreikninga, tveir skoðunarmenn og tveir til vara.
Ari Björn kynnti tillögur um skoðunarmenn reikninga, 2 aðal og 2 til vara

Birgitta Vigfúsdóttir – aðalmaður
Egill Heiðar Gíslason – aðalmaður
Ásdís Hrund Þórarinsdóttir - til vara
Inga Lára Pétursdóttir - til vara

Engar tillögur um aðra skoðunarmenn bárust og teljast þau því rétt kjörin.

Ari Björn bar upp tillögu um að endurskoðunarskrifstofa Ernst og Young verði löggildur endurskoðandi. Engar athugasemdir bárust og telst því tillagan samþykkt.
Kristjana Eyjólfsson tekur við fundarstjórn af Ara Birni

6. Kosnir fimm menn í kjörstjórn og jafnmargir til vara.
Kristjana fundarstjóri las upp tillögu um kjörstjórn.

Aðalmenn:

Halldór Sveinn Hauksson - Vegagerðin
Olga Gunnarsdóttir - Skógarbær
Ragnheiður Árnadóttir - ÍTR Hitt húsið
Sigrún Helga Jónsdóttir - Foldaskóli Reykjavíkurborg
Þórdís Björk Sigurgestsdóttir - Faxaflóahafnir sf.

Varamenn:

Aneta Kamilla Klimaszewska - Rimaskóli
Jakob Þór Grétarsson - Íbúakjarni Þorlaksgeisla 70, Rvk.b.
Lára Sif Lárusdóttir - Landspítali
Marías Sveinsson - Lífeyrisdeild
Ottó Hörður Guðmundsson - Grafarvogslaug

Engar athugasemdir bárust og telst því tillagan samþykkt.

7. Ákveðið árgjald félagsmanna og skipting þess milli sjóða.

Þórarinn Eyfjörð kynnti tillögu stjórnar að árgjald verði óbreytt eða 1% af heildarlaunum félagsmanna. Þar af renni 0,87% í félagssjóð og 0,13% í Vinnudeilusjóð. Það er augljóst að við þurfum á öflugum vinnudeilusjóði að halda áfram.
Kristjana bar tillöguna upp til samþykktar, engar athugasemdir bárust og telst því tillaga um árgjald samþykkt.

8. Kosið í stjórnir orlofssjóðs, vinnudeilusjóðs, starfsmenntunarsjóðs og styrktar- og sjúkrasjóðs skv. reglum þeirra.

Kristjana kynnti tillögur fulltrúaráðs í stjórnir sjóðanna.

Orlofssjóður:

Kalla Björg Karlsdóttir - Vesturbæjarskóli RVK
María Hlín Eggertsdóttir - Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Ólafur Hallgrímsson - Listaháskóli Íslands
Stefán Gíslason - Umhverfis og skipulagssvið RVK
Styrmir Þór Davíðsson - Þjóðminjasafn Íslands

Vinnudeilusjóður:

Elsa María Gunnarsdóttir - Leikskólinn Austurborg
Hendricus E Bjarnason - Skatturinn
Ragnheiður Árnadóttir - ÍTR Hitt húsið
Sigríður Poulsen - Tilraunastöð HÍ að Keldum
Sigrún Kristjánsdóttir – ÁTVR

Starfsmenntunarsjóður:

Jóhanna Rúnarsdóttir - Þjónustuíbúðir aldraðra Dalbraut
Ólafur Andri Þórarinsson - Fangelismálastofnun ríkisins
Ólöf Rún Steinarsdóttir - Launadeild Rvk.b.
Þórdís Viborg - Öryrkjabandalagið
Þórey Einarsdóttir – Sjálfsbjargarheimilið

Styrktar- og sjúkrasjóður:

Erlingur Arthursson - HNLFI
Katrín Kristín Hallgrímsdóttir - Hólabrekkuskóli
Ómar Árnason - Tækniskólinn
Pálmey Helga Gísladóttir - Greiningarstöð ríkisins
Pétur Ásbjörnson - Landspítali

Kristjana bar tillögur um stjórnir sjóðanna upp til samþykktar. Hún bar upp hvern sjóð fyrir sig, engin mótframboð bárust og teljast stjórnir sjóðanna því samþykktar.

9. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram til samþykktar. (sjá fylgiskjal)

Þórarinn Eyfjörð kynnti fjárhagsáætlun ársins 2021. Hún nær einungis yfir Orlofssjóð og félagssjóð.

Félagssjóður - Áætlaðar rekstrartekjur félagssjóðs hækki um 23 milljónir, rekstrargjöld hækki um 36 milljónir. Helstu hækkanir eru áætlaðar vegna funda, námskeiða og félagsstarfs sem var í lágmarki árið 2020. Sama á við um félagsstarf lífeyrisdeildar Sameykis.

Orlofssjóður – gert er ráð fyrir að rekstrartekjur hækki um 13 milljónir og rekstrargjöldin hækki um 9 milljónir.

Eignir sjóðsins eru miklar og með þeim og tekjum sjóðsins er unnt að standa undir framkvæmdum á þessu ári.

6 hús eru í byggingu í Munaðarnesi og vegna þeirra kemur til greiðslu um 200 milljóna í ár. 1 hús verður byggt nýtt í Akraoti. Einnig eru áætluð viðhaldsverkefni á 4 húsum sem kosta um 75 milljónir. Kostnaður við upphaf verkefna á Úlfjótuvatni og Eiðum er áætlaður um 100 milljónir á árinu.

Kristjana bar fjárhagsáætlun fyrir 2021 undir samþykkt fundarins. Engar fyrirspurnir eða athugasemdir bárust og telst hún því samþykkt.

10. **Ályktanir aðalfundar afgreiddar** (sjá fylgiskjal)

Bryngeir Arnar Bryngeirsson kynnti ályktanir Sameykis.

Kristjana bauð fundarmönnum að taka til máls um ályktun nr. 1 um tekjufall í kjölfar Covid-19. Enginn tók til máls og telst hún samþykkt.

Næst var ályktun nr. 2 um auðlindir í þjóðareign. Enginn tók til máls og telst hún samþykkt.

Næst var ályktun nr. 3 um spillingu á Íslandi. Enginn tók til máls og telst hún samþykkt.

Ályktun nr. 4 um virði starfa kvenna. Enginn tók til máls og telst hún samþykkt.

Ályktun nr. 5 um styttingu vinnuvikunnar. Gunnar Rúnar ræddi um síðustu setninguna, hann vildi ekki tala eingöngu um félagsfólk Sameykis heldur eigi þetta að vera um alla starfsmenn sem stytting vinnuvikunnar tekur til. Árni Stefán tók undir þetta og fleiri samþykktu. Enginn var á móti því að breyta orðalagi og telst hún samþykkt með þessum breytingum.

„Markmiðið er að bæta lífsgæði *starfsmanna*, heilsu, öryggi og auka möguleika *þeirra* á að njóta meiri frítíma“.

Ályktun nr. 6 um réttlát orkuskipti. Sigríður Poulsen vildi laga orðalag í síðustu málsgreininni „svo að öruggur árangur náist þarf...“ Bryngeir bætti við að það mætti vera „ef öruggur árangur á að nást þarf....“

Árni Stefán stakk upp á að ályktunarnefnd fengi leyfi til laga málfar í ályktuninni, engar efnislegar breytingar verði gerðar. Það var samþykkt.

11. **Önnur mál.**

Árni Stefán byrjaði á að segja frá að fyrir nokkrum vikum lést félagi okkar, Jens Andrésson sem var formaður SFR frá 1996-2006. Hann bað fundarmenn að minnast hans með mínútu þögn.

Árni sagði að stjórn Sameykis hefur verið nokkuð stór síðan félagið var stofnað, við sameininguna héldu báðar stjórnir félaganna St.Rv. og SFR áfram störfum. Nú hefur verið kosin ný og fámennari stjórn og nýr formaður. Hann fór yfir hverjir hætta nú í stjórn félagsins og þakkaði þeim samstarfið. Einnig lætur nú af störfum Garðar Hilmarsson, fráfarandi varaformaður Sameykis og fyrrverandi formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Garðar þakkaði Árna Stefáni og öðrum fráfarandi stjórnarmönnum samstarfið og óskaði Þórarni Eyfjörð til hamingju með formannsembættið og óskaði honum góðs gengis.

Gunnar Rúnar fékk orðið og áréttaði formlega þakkir sínar til Árna og Garðars, þakkaði þeim fyrir að leiða félögin 2 saman. Hann óskaði Þórarni til hamingju með formannsembættið.

Kristjana gaf Þórarni Eyfjörð formanni Sameykis orðið.

Þórarinn sagði að á þessari stundu væri vel við hæfi að minnast á það að uppbygging félagsins hefur tekist vel. Framsýni félaganna kallaði á að þessi sterka eining yrði stofnuð. Forysta Garðars og Árna hefur leitt okkur á þann stað sem við erum nú á. Baráttumál félagsins eru enn flókin og erfið, eins og jöfnun launa milli markaða og kynbundinn launamunur. Samstaða og samvinna munu einkenna félagið og við munum sýna styrk okkar af hógværd. Við munum halda áfram að standa fyrir öflugum trúnaðarmannakerfi.

Þórarinn bauð Garðari og Árna Stefáni að koma til sín og þeim voru afhentir blómvendur frá félaginu og þökkuð þeirra störf. Fráfarandi stjórnarmenn eiga einnig von á blómasendingu heim þar sem ekki gátu fleiri verið á fundinum.

Félagið gaf einnig Þórarni Eyfjörð blómvönd í tilefni þess að hann tekur nú við sem formaður Sameykis.

Þórarinn þakkaði öllum þátttökuna og sleit fundi kl. 18:25.

Reglur orlofssjóðs Sameykis samkv. 20. gr. laga Sameykis

1. gr. Nafn sjóðsins

Sjóðurinn heitir Orlofssjóður Sameykis. Sjóðurinn er í eigu Sameykis stéttarfélags í almannaðjónustu. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Tilgangur sjóðsins

Tilgangur sjóðsins er að auka möguleika félagsmanna á fjölbreytni í orlofsmálum, til dæmis með því að koma upp og reka orlofshús og íbúðir fyrir félagsmenn eða styrkja þá til annars konar orlofsdvalar.

3. gr. Tekjur sjóðsins

Tekjur sjóðsins eru:

- Samningsbundin gjöld atvinnurekenda til sjóðsins.
- Vaxtatekjur.
- Leigugjöld af orlofshúsum og orlofsíbúðum.

4. gr. Greiðslur úr sjóðnum

Allar greiðslur úr sjóðnum aðrar en þær er varða daglegan rekstur hans, rekstrargjöld orlofshúsa/-íbúða, leigu orlofshúsa í eigu annarra og/eða til annarrar venjubundinnar starfsemi á vegum sjóðsins, skulu háðar samþykki stjórnar Sameykis. Á þetta einkum við um greiðslur sem ekki hafa áður verið hluti af hefðbundinni starfsemi sjóðsins, eða ef upphæðir teljast umtalsverðar miðað við þá starfsemi sem er á vegum hans á hverjum tíma.

5. gr. Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins skipa fimm fulltrúar kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn ásamt einum fulltrúa tilnefndum úr stjórn Sameykis. Formaður skal kjörinn af sjóðstjórn. Stjórn sjóðsins skal skrá fundargerðir yfir störf sín og setja úthlutunarreglur.

Stjórnin skal leggja úthlutunarreglurnar fyrir stjórn félagsins til samþykktar.

Stjórnarmönnum er ekki heimilt að sitja samfelld í stjórn lengur en þrjú kjörtímabil (9 ár).

6. gr. Rekstur sjóðsins og ávöxtun

Skrifstofa Sameykis sér um daglegan rekstur sjóðsins í umboði stjórnar hans. Fé sjóðsins skal ávaxta á sem tryggastan hátt.

7. gr. Ársreikningur og endurskoðun

Ársreikning sjóðsins skal birta með reikningum Sameykis og endurskoðaður með sama hætti og félagssjóður. Ársreikninginn skal leggja fram og afgreiða á aðalfundi með öðrum reikningum félagsins. Skýrsla yfir starfsemi sjóðsins skal fylgja skýrslu stjórnar Sameykis.

8. gr. Breytingar á reglum sjóðsins

Reglum þessum má aðeins breyta á aðalfundi Sameykis og fer með þær breytingar eins og um lagabreytingar væri að ræða.

Samþykktar á aðalfundi Sameykis 25. mars 2021.

Reglur Vinnudeilusjóðs Sameykis - samkv. 20. gr. laga Sameykis

1. gr. Nafn sjóðsins

Sjóðurinn heitir Vinnudeilusjóður Sameykis. Sjóðurinn er í eigu Sameykis stéttarfélags í almannaðjónustu. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Tilgangur sjóðsins

Tilgangur sjóðsins er:

- að tryggja félögum Sameykis laun samkvæmt úthlutunarreglum þegar þeir eiga í kjaradeilum,
- að greiða kostnað við kjaradeilur, þó ekki venjulegan samningskostnað,
- að styrkja gerð kjararannsókna,
- að styrkja önnur stéttarfélög sem eiga í kjaradeilum að fengnu samþykki stjórnar Sameykis.

3. gr. Tekjur sjóðsins.

Tekjur sjóðsins eru:

- Iðgjald til sjóðsins. Iðgjald ákvarðast og greiðist á sama hátt og félagsgjöld Sameykis.
- Fjáröflun á vegum sjóðsins.
- Framlög frá öðrum stéttarfélögum.
- Önnur framlög.

4. gr. Greiðslur úr sjóðnum.

Félagsmaður Sameykis, sem greiðir iðgjald til sjóðsins, á rétt til greiðslu úr sjóðnum. Greiðslur skulu vera fyrir tekjumissi í kjaradeilu sem Sameyki eða félagar í Sameyki eru aðilar að. Meginreglur um úthlutun úr sjóðnum skulu kynntar félagsmönnum Sameykis eigi síðar en við upphaf vinnustöðvunar.

5. gr. Lántökur sjóðsins.

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka lán til að auka ráðstöfunarfé sjóðsins, enda liggi fyrir samþykki stjórnar Sameykis.

6. gr. Stjórn sjóðsins og ávöxtun.

Stjórn sjóðsins skipa fimm fulltrúar kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn ásamt einum fulltrúa tilnefndum úr stjórn Sameykis. Formaður skal kjörinn af sjóðsstjórn. Stjórn sjóðsins fer með framkvæmdavald í málefnum hans, setur úthlutunarreglur og skráir fundargerðir yfir úthlutanir og annað sem varðar starf hennar. Fé sjóðsins skal ávallt ávaxta á sem tryggastan hátt. Sjóðsstjórn skal tryggja að fjármagn sé laust til ráðstöfunar ef á þarf að halda.

Stjórnarmönnum er ekki heimilt að sitja samfelld í stjórn lengur en þrjú kjörtímabil (9 ár).

7. gr. Rekstur sjóðsins.

Skrifstofa Sameykis sér um daglegan rekstur sjóðsins í umboði stjórnar hans.

8. gr. Ársreikningur og endurskoðun.

Ársreikning sjóðsins skal birta með reikningum Sameykis og hann endurskoðaður með sama hætti og félagssjóður. Ársreikninginn skal leggja fram og afgreiða á aðalfundi með öðrum reikningum félagsins. Skýrsla yfir starfsemi sjóðsins skal fylgja skýrslu stjórnar Sameykis.

9. gr. Sjóðurinn lagður niður:

Hætti sjóðurinn störfum og verður lagður niður ráðstafar aðalfundur Sameykis eignum hans.

10 gr. Breytingar á reglum sjóðsins.

Reglum þessum má aðeins breyta á aðalfundi Sameykis og fer með þær breytingar eins og um lagabreytingar væri að ræða.

Samþykktar á aðalfundi Sameykis 25. mars 2021.

Fjárhagsáætlun 2021

Félagssjóður	Áætlun 2021	Rauntölur 2020
Rekstrartekjur		
Innborguð félagsgjöld	583.000.000	560.474.398
	583.000.000	560.474.398
Rekstrargjöld		
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður		
Laun og launatengd gjöld	212.000.000	204.834.239
Bifreiðastyrkir	5.000.000	4.341.486
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	70.000.000	63.328.596
Félags- og útgáfustarfsemi		
Fundir, námsскеið og félagsstarf	25.000.000	8.126.267
Lífeyrisdeild Sameykis	4.000.000	846.741
Útgáfustarfsemi og kynningarmál	30.000.000	33.033.362
Kjörgögn og kjarasamningar	1.000.000	1.158.219
Rekstrarkostnaður Grettisgötu 89	25.000.000	24.664.304
Félagsgjald til B.S.R.B.	132.000.000	126.961.360
Stofnun ársins	1.500.000	1.586.911
Fyrningar	4.000.000	3.965.108
	509.500.000	472.846.593
Orlofssjóður	Áætlun 2021	Rauntölur 2020
Rekstrartekjur		
Iðgjöld í Orlofssjóð	338.000.000	325.272.053
Leigutekjur orlofshúsa	70.000.000	64.165.280
Orlofshús til endurleigu o.fl.	- 30.000.000	- 24.221.095
	378.000.000	365.216.238
Rekstrargjöld		
Rekstrarkostnaður orlofshúsa	184.000.000	175.433.835
Fyrning orlofshúsa, áhalda og búnaðar	35.000.000	33.403.028
	219.000.000	208.836.863
Fyrirliggjandi verkefni Orlofssjóðs		
Framkvæmdafé. Orlofsmál 2021	340.000.000	
Framlag úr rekstri 2021.....	150.000.000	
Nýbyggingar í Munaðarnesi (6 hús).....	- 200.000.000	
Nýbygging Akarakot (1 hús).....	- 60.000.000	
Stærri viðhaldsverkefni	- 75.000.000 Upphaf	
verkefna á Úlfljótsvatni og Eiðum	- 100.000.000	
Niðurstaða	55.000.000	

Ályktanir fyrir aðalfund

1. COVID-19 og almannahagsmunir

Tekjufall í kjölfar COVID-19

Sameyki stéttarfélag í almannapjónustu krefst þess að stjórnvöld beiti viðeigandi úrræðum fyrir einstaklinga og fjölskyldur sem misst hafa atvinnu og lífsviðurværi sitt, eða lent í öðrum erfiðleikum í kjölfar COVID-19 faraldursins. Ríkisstjórnin hefur þegar veitt fyrirtækjum fjölbreyttan fjárhagslegan stuðning. Hækka þarf atvinnuleysisbætur og tryggja að heimilin í landinu búi við öryggi og eigi ekki á hættu að missa húsnæði sitt sem afleiðingu af COVID-19 faraldrinum. Sameyki skorar einnig á stjórnvöld að tryggja framboð af störfum sem henta konum til jafns við karla. Við blasir að ástandið á Suðurnesjum kallar á sérstakar aðgerðir. Það er einfaldlega óásættanlegt að hátt í 30% kvenna og 25% karla séu atvinnulaus á einu byggðasvæði vegna aðstæðna. Þetta ástand kallar á að stjórnvöld hugi að skapandi og framsæknum verkefnum sem sérstaklega er beint að þeim landssvæðum sem verst hafa orðið úti.

2. Auðlindir eru í þjóðareigu

Auðlindir í þjóðareign

Tryggja þarf að fiskveiðiauðlind þjóðarinnar verði áfram í þjóðareign og eðlileg gjöld séu greidd af nýtingu hennar. Sama gildir um aðrar náttúruauðlindir landsins. Skila á inn nýtingarrétti þegar einstaklingar og fyrirtæki hætta störfum í sjávarútvegi. Ekki er ásættanlegt að einstaklingar eða fyrirtæki eignist sjálfkrafa rétt á nýtingu sjávarútvegsauðlindar Íslands um ófyrirséða framtíð og geti veðsett hana. Íslenska þjóðin fær aðeins lítið brot í sinn hlut af þeim milljarðahagnaði sem örfáar fjölskyldur í landinu njóta á ári hverju af fiskveiðiauðlindinni. Öllum er þessi misskipting augljós. Allt íslenskt samfélag á að njóta góðs af nýtingu auðlinda Íslands, hvort sem er á sjó eða landi. Um auðlindir þurfa að gilda skýrari og sanngjarnari lög frá Alþingi og verði tryggð í stjórnarskrá.

3. Spilling á Íslandi

Ályktun um spillingu

Sameyki skorar á ríkisstjórn Íslands að styrkja eftirlitsstofnanir í landinu svo þær geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu og komið í veg fyrir og upprætt spillingu. Það þarf að bera kennsl á spillinguna, viðurkenna tilvist hennar og uppræta. Misbeiting valds í þágu einkahagsmuna á ekki að líðast í neinu síðuðu samfélagi. Spilling grefur undan lýðræði, mannréttindum og skerðir réttindi og hagsmuni almennings. Spilling eykur ójöfnuð og viðheldur fátækt, leiðir til sóunar auðlinda og óréttlátrar skiptingar þeirra. Uppræta þarf spillingu á Íslandi svo hægt er að bæta lífskjör almennings og skapa betra og réttlátara samfélag. Einnig að stjórnvöld að styðji við og styrki frjáls félagasamtök og opinberar eftirlitsstofnanir með sama markmið, að berjast gegn hverskonar spillingu. Ísland er spilltasta land Norðurlandanna samkvæmt nýjum lista Transparency International fyrir árið 2020. Spillingin á Íslandi þrífst helst í kringum auðlindir þjóðarinnar og stjórn málin í landinu. GRECO hefur ítrekað bent á spillingu sem þrífst í íslensku samfélagi en stjórnvöld skella skollaeyrum við.

4. Virði starfa – Kynjahalli

Ályktun um virði starfa kvenna

Aðalfundur Sameykis krefst þess að stjórnvöld og atvinnurekendur horfist í augu við skakkt verðmætamat samfélagsins á kvennastörfum og grípi til aðgerða til að útrýma misréttinu sem af því hlýst. COVID-19 faraldurinn hefur dregið fram í sviðsljósið hvaða fólk er sannkallað lykilstarfsfólk samfélagsins. Það er fólk sem starfar í heilbrigðis- og félagsþjónustu, skólum, við ræstingar og almenningsamgöngum. Meirihluti þeirra sem sinnir þessum mikilvægu störfum er konur og heildarlaun þeirra eru lægri en laun sambærilegra stétta þar sem karlar eru í meirihluta. Það er augljóst öllum sem það vilja sjá að kvennastéttirnar búa við verri kjör en aðrar stéttir með sambærilegt álag, menntun og reynslu og það er óásættanlegt með öllu.

Þetta óréttlæti veldur því að stór hluti kvenna á vinnumarkaði nýtur ekki launa í samræmi við framlag. Eins og staðan er nú er hvorki stefnumótun né verkfæri fyrir hendi sem miðar að því að vinna bug á þessum kynbundna launamun. Sagan sýnir að aukið jafnrétti kemur ekki af sjálfu sér heldur þarf framsæknar hugmyndir og aðgerðir til. Störf og framlag kvennastétta í samfélaginu skal meta að verðleikum til jafns við aðra, óháð kyni þegar í stað. Það er ólíðandi að þessum ójöfnuði sé viðhaldið á íslenskum vinnumarkaði.

5. Kjaramálin – Stytting vinnuvikunnar

Stytting vinnuvikunnar

Sameyki metur að stytting vinnuviku dagvinnufólks úr 40 í 36 klukkustundir sem tók gildi 1. janúar 2021 hafi gengið vel hjá ríkinu og Reykjavíkurborg. Dapurlegt er að sveitarfélögin hafi ekki staðist væntingar þar sem bæði er vinnunni víða ólukið og að full stytting í 36 stundir er í miklum minnihluta. Mikil og flókin vinna hefur átt sér stað við að útfæra styttingu vinnuvikunnar hjá vaktavinnufólki. Sú vinna lofar góðu en brýnt er, að stjórnendur taki ekki ráðin af starfsmönnum sínum, heldur nýti umbótasamtalið til að koma á því vaktafyrirkomulagi sem best hentar í hverju tilfelli með vinnustaðalýðræði að vopni. Markmiðið er að bæta lífsgæði félagsfólks Sameykis; heilsu, öryggi og auka möguleika starfsfólks á að njóta meiri frítíma.

6. Umhverfismál – Réttlát orkuskipti

Réttlát orkuskipti

Aðalfundur Sameykis styður markmið stjórnvalda í loftlagsmálum og tekur undir nauðsyn þess að ná kolefnishlutleysi fyrir miðja öldina. Það er ljóst að þær breytingar sem þarf að gera mun hafa áhrif á störf. Sameyki fer fram á að stjórnvöld verði við þeirri kröfu verkalýðshreyfingarinnar að stofnaður verði sérstakur vinnuhópur sem hefði það hlutverk að móta stefnu um réttlát orkuskipti hér á landi í þríhliða samstarfi stjórnvalda, verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda. Svo að öruggur árangur á að nást þarf þátttaka stéttarfélaganna í stefnumótuninni að vera tryggð sökum þess hve mikilvæg þekkingar hennar og umhyggja fyrir hagsmunum launafólks í landinu er.